

1870.

28. júní.

Um leið og þetta verður yður hërmeð til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og svo þér kunngjörið það, mælist stjórnarráðið til, að þér fáið fyrnefndum Hannesi Stephensen meðfylgjanda leyfisbréf í hendur.

30. júní.

54. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um breyting á dýrleika tveggja jarða.

Með bréfi, dagsettu 11. febrúarm. þ. á., hafið þér, herra amtmaður, sent hingað með álitsskjali hlutaðeiganda sýslumanns tvær bænarskrár, þar sem eigandinn að jörðunni Skógum í Mjóvafrði í Suðurmúlasýslu, Sveinn Sigurðarson, og eigandinn að hálfum Firði í Mjóvafrði, Ólafur Guðmundarson, sækja um, að þeim verði gefið nokkuð eptir af gjaldinu af jörðum þessum, af hinni fyrri $\frac{3}{4}$ partar og af hinni síðari $\frac{1}{4}$ partur, sökum þess, að tæðar jarðir hafa beðið tjón af skriðum, svo sem vottað er með hjálögðum skoðunargjörðum; jafnframt þessu hafið þér og borið það upp við stjórnarráðið, að dýrleiki þessara jarða verði settur niður með nýju mati eptir því hlutfalli, sem fyr var getið.

Útaf þessu verður yður hërmeð til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og svo þér birtið það, að stjórnarráðið hvorki hefir heimild til að gefa neitt eptir af gjaldinu, nè til að láta nýtt jarðarmat fram fara, eins og þér hafið stungið uppá.

30. júní.

55. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um afstöðu milli húsa á Akureyri.

Með bréfi, dagsettu 26. febrúarm. þ. á., hafið þér, herra amtmaður, sent hingað bænarskrá og fylgiskjöl, þar sem verzlunarfulltrúi kaupmanns L. Popp, Jóhannes Halldórsson á Akureyri, kvartar